

Orkugerðin ehf.
Ólafur Wernersson
Heiðargerði 5
801 Selfoss

Reykjavík, 12. desember 2019
UST201901-189/gf
08.10.02

**Varðar síðara reglubundna eftirlit 2019 – kjötmjölsverksmiðja Orkugerðarinnar
Heiðargerði við Selfoss**


Þann 28. október sl. fór fram eftirlit í kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar ehf. austan
Selfoss. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og
mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit en fjórar ábendingar voru gerðar.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Orkugerðin Flóahreppur



Dags eftirlits	28.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Orkugerðin	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Heiðargerði 5	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5801697249	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Wernersson	ÍSAT nr.	15.41.0.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö eldri frávik eru enn opin. Þ.e. vegna geymslu á hráefnum, unninni vöru og úrgangi utandyra sbr. grein 2.1 í starfsleyfi og vegna mælinga á olíumannvirkum á lóðinni (þykktarmælingar geymis og þrýstiprófanir á olíufylltri lögn) sbr. kröfur í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þar sem fyrri tímasettar úrbótaáætlanir hafa ekki gengið eftir þá er farið fram á nýjar tímasettar úrbótaáætlanir vegna frávikanna.

Engin ný frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust en fjórar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Orkugerðinni ehf. Heiðargerði 5 í Flóahreppi austan Selfoss. Ólafur Wernersson var fulltrúi rekstraraðila og Frigg Thorlacius og Gottskálk Friðgeirsson voru eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar.

Orkugerðin ehf. er með undanþágu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá starfsleyfi sem gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó ekki lengur en til 31. desember 2019. Starfa skal á undanþágutímanum í samræmi við útrunnið starfsleyfi sem gefið var út af heilbrigðisnefnd Suðurlandsvæðis 27. febrúar 2007.

Starfsleyfið gildir fyrir eyðingu dýraleifa og framleiðir Orkugerðin úr þeim próteinmjöl og fitu. Tekið er við framleiðsluleifum frá sláturhúsum og kjötvinnslum í hráefnismóttöku rekstraraðila sem er innandyra. Flutningabíllar sturta hráefnunum í síló. Snigill færir efnin í hakkara og spjalddæla áfram í sjóðarana. Í sjóðurum gufa 60% til 70% af efnunum upp sem vatnsgufa en það sem ekki gufar upp fer með snigli í pressu. Í pressunni þrýstist vökvinn sem er mest dýrafita (ca. 14%) úr soðkökunni (ca. 18%) sem fer áfram þurrkara og millu og síðan í mjölsíló og er í lokin pokað í stórsekki. Fita fer í dikanteriskilju til hreinsunar og þaðan á upphitaða birgðatanka (60°C). Fita hefur safnast upp utandyra í 1000 L bömbum þar sem sala á fitunni hefur verið treg.

Fyrirtækið hefur framleitt úr nærri 3.000- 5.000 tonnum af hráefni árlega. Heildar framleiðslugeta á ári er um 7.000 tonn af hráefni. Unnið er í lotum í verksmiðunni sem hver er um ein vika og eru um 60-85 tonn af hráefni í hverri lotu.

Dagskrá:

1. Staða frávíka síðustu ára og úrbætur
2. Ný reglugerð um mengunarvarnareftirlit og ákvæði um tíðni eftirlits
3. Kröfur í starfsleyfi
4. Væntanlegt starfsleyfi og kröfur í því
5. Tilkynningar og kvartanir
6. Annað

Skoðun í fyrirtækinu

1. Staða frávíka og athugasemda úr fyrri eftirlitum

Enn er opið frávik vegna grein 2.1 í starfsleyfi en þar segir að allt hráefni, unna vöru svo og úrgangur skuli geyma innan dyra verksmiðjunnar. Frávikið er frá 30. janúar 2018 og ekki hefur verið bætt úr. Mikið magn fitu er geymt utandyra en sala á fitunni hefur gengið treglega. Eins safnast úrgangur upp á lóðinni, bæði aflóga járn og timbur. Hluti fitunnar hefur verið seldur og verður fjarlægður af lóðinni. Í grein 2.3 í starfsleyfi rekstraraðila segir að halda skuli húsnæði og lóð snyrtilegri. Kröfur um tiltekt á lóðinni eru ítrekaðar.

Enn er opið frávik vegna umgengni og prófana á olíumannvirkjum, sjá eftirlitsskýrslu frá 13.9.2018. Olíugeymir og olíulagnir hafa ekki verið prófaðar eins og kröfur eru um í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Erindi barst nýlega frá rekstraraðila með beiðni um að fyrirtækið mætti afleggja olíumannvirki enda ekki lengur notuð undir olíu. Geymir og lagnir eru nú notuð undir storknaða fitu sem hefur safnast upp í verksmiðjunni. Bent er á það að ef hætta á notkun svartolíu á ketil verksmiðjunnar láti rekstraraðili fjarlægja ónotuð olíumannvirki sem því tengist.

2. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu

Með nýrri reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit er ekki lengur tilvísun í eftirlitsflokka mengandi starfsemi. Kerfisbundið mat á umhverfisáhættu skal ráða tíðni eftirlits. Farið var yfir hugmyndir um áhættumatið með rekstraraðila og hvað er lagt til grundvallar.

3. Kröfur í starfsleyfi

Starfsemin er rekin á tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi, sjá bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 13.

febrúar 2019. Fyrirtækið skal uppfylla ákvæði eldra starfsleyfis sem heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis gaf út 27. janúar 2017 og lög og reglugerðir sem um starfseminna gilda. Heimil er framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi, allt að 10 tonn á dag. Farið var yfir umfang starfseminnar, búnað verksmiðjunnar og mengunarvarnir sem notaðar eru. Meðferð hættulegra efna og söfnun og meðferð spilliefna. Fram kom að keyptur hefur verið nýr brennari sem hentar vel til brennslu á fitu. Því ætti ryklosun vegna oliubrennslu alveg að hverfa. Þéttivatn frá sóðurum fer um fitugildru og út í siturbeð. Þvottavatni er dælt upp á tank, þaðan fer það inn á sjóðara þar sem vatnið gufar upp en er kælt niður aftur og fer út í fituskilju og siturbeð. Rekstraraðili hyggst setja upp ózonkerfi til hreinsunar á gufunni til þess að draga úr lykt. Eins hafa verið gerðar lagfæringar á sniglum í hráefnispressu og stækkun á hráefnisdælu til þess að auka afköst verksmiðjunnar. Því ætti hráefni verksmiðjunnar að vera ferskara og safnast síður upp. Allt þetta ætti að slá á lykt frá vinnslunni. Gufupéttar og sýklónar hafa verið hreinsaðir og eftirlit með þeim aukið sem einnig minnkar lykt. Hægt verður að taka útblástur frá verksmiðjunni aftur í gegnum ketilinn, blanda hann lofti og brenna lyktinni úr útblæstrinum. Þannig ætti að vera hægt að losna við óþéttanlegar lofttegundir úr útblæstrinum.

Fita/feiti safnast upp hjá rekstraraðila en unnið er að lausnum. Hluti af framleiðslunni hefur verið seldur til útlanda og leitað er leiða við að finna innanlandsmarkaði. Þar sem fitan er aukaafurð dýra en ekki úrgangur þá á ákvæði um ráðgefandi álit ekki við og eins þarf ekki að skrá fituna (REACH skráningar) þar sem henni hefur ekki verið efnafraeðilega breytt í meðhöndluninni. Ef sækja þarf um leyfi fyrir markaðssetningu fitunnar þá er helst að Matvælastofnun sem veitir slíkt leyfi.

4. Væntanlegt starfsleyfi. Á fundinum var farið yfir kröfur í væntanlegu starfsleyfi.

Áætlanir Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, áætlun um viðhaldspörf, endurbætur og fyrirbyggjandi viðhald, áætlun til þess að takmarka lykt og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa. Rekstraraðili mun leggja fram þessar áætlanir þegar nýtt starfsleyfi liggur fyrir.

Skýrslur Ársyfirlit rekstraraðila skal sent stofnuninni árlega fyrir 1. maí árið á eftir. Upplýsingar um losun rekstraraðila á mengandi efnun (áður grænt bókhald) skal senda með rafrænum hætti og útstreymisbókhald einnig. Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega.

Mælingar Árlega skal mæla sót og ryk í útblæstri, eins kolmónoxíð og kófnunarefnisdíoxíð. Hávaða skal mæla einu sinni á starfsleyfistímabilinu, þó innan tveggja ára frá því starfsleyfið er gefið út.

Skráningar Skráningar í rekstrarhandbók skulu vera aðgengilegar í eftirliti. Skráningar á framleiðslumagni, eins magni og gerð úrgangs og spilliefna, skráningar á eftirliti og viðgerðum á mengunarvarnarbúnaði, kvörtunum og óhöppum vegna rekstursins, skráningar á þjálfunar starfsfólks, samskiptum við Umhverfisstofnun vegna skýrslugjafa, skráningar á tæmingu rotþróa og fitugildra og skráningar á niðurstöðum mælinga. Eins skal halda skrá um breytingar á starfseminni og uppfæra teikningar ef þörf er á.

5. Tilkygningar og kvartanir

Umhverfisstofnun hafa borist ábendingar um reyk frá verksmiðjunni. Með nýjum brennara ætti það vandamál að vera úr sögunni. Eins barst ábending um að útilýsing væri ekki í samræmi við aðalskipulag Flóahrepps 2017 – 2019 en þar er mælt til að útiljósum sé beint niður og/eða skermuð af til þess að valda nágrönum sem minnstum óþægindum. Ábendingar um umgengni á lóð verksmiðjunnar. Að fita leki úr fitukörum, að úrgangur/hráefni safnist upp á lóðinni og efnishaugar, bæði járn og timbur, þarfnist úrbóta. Bæta þurfi umgengni á lóðinni.

6. Annað

Fyrirtækið hefur sett sér umhverfismarkmið. Ætlar að innleiða nýja tækni til þess að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar, draga úr úrgangi, minnka lykt frá starfseminni og bæta orku og hráefnanýtingu. Aðferðum er lýst til þess að ná þessum markmiðum.

Skoðun í fyrirtækinu

Farið var í skoðunarferð um verksmiðjuna. Farið í móttöku sláturúrgangs, síló, snigil og kvörn (hakkara) og spjalddælu. Gengið meðfram sjóðurum, pressum, þurrkurum og mjólkvörn og áfram inn í mjólgeymslu. Utandyra var gengið í kring um verksmiðjuna. Skoða þarf lóðamörk og hvar rekstraraðili stendur gagnvart aðliggjandi lóðum. Mikið

ÁBENDINGAR

Borist hafa ábendingar um reyk frá verksmiðjunni. Með nýjum brennara ætti það vandamál að vera úr sögunni.

Eins barst ábending um að útilýsing væri ekki í samræmi við aðalskipulag Flóahrepps 2017 – 2019 en þar er mælt til að útiljósum sé beint niður og/eða skermuð af til þess að valda nágrönum sem minnstum óþægindum.

Bent er á það að ef hætta á notkun svartolíu á ketil verksmiðjunnar láti rekstraraðili fjarlægja ónotuð olíumannvirki sem því tengist.

Ábending barst um umgengni á lóð verksmiðjunnar. Að fita leki úr fitukörum, að úrgangur/hráefni safnist upp á lóðinni og efnishaugar, bæði járn og timbur, þarfnist úrbóta. Bæta þurfi umgengni á lóðinni.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.12.2019


Gottskálk Friðgeirsson